

NaNO Fréttabréf – Desember 2013

Hvað höfum við gert í nóvember?

Heimsótt Vísindasmiðju HÍ í meðan Landakotsskóli var í heimsókn. Í framhaldi af samtali er stefnt að frekara samstarfi við þá sem sinna vísindamiðlun hjá VoN í gegnum Ara Ólafsson sem var ánægður með NaNO.

Sótt Umhverfising umhverfis- og auðlindaráðuneytis í Hörpu 8. nóv. sl. Áhersla lögð á vinnustofu um hafið og hafsvæðin. Þar kom fram gagnrýni á skólakerfið fyrir að sinna hafinu lítið.

Sótt Líffræðiráðstefnu Líffræðifélags Íslands í Öskju 8. - 9. nóv. sl. Hluti ráðstefnunnar var tileinkaður líffræðikennslu í grunn- og framhaldsskólum en Samlíf – Samtök líffræðikennara sá um hann.

Sótt Norðurslóðadaginn hjá Hafrannsóknarstofnun 14. nóv. Málþing um hvernig unnt sé að efla þátttöku íslensks vísindasamfélags í alþjóðlegri samvinnu um norðurslóðir. Málaflokkur til að efla í skólakerfinu.

Unnið að undirbúningi LEGO keppinnar 1. feb. 2014 í samstarfi við VoN (www.firstlego.is). Aðkoma okkar; hvað varðar skipulag og framkvæmd, einn dómari er frá MVS, nemar af MVS aðstoða á keppnisdag o.fl.

Fundað með starfsfólki innan Menntavísindasviðs sem kemur að náttúrufræðimenntun, sérstakur fundur um stöðu NaNO með Jóni Torfa, Hafþóri, Hauki, Allyson og Svövu. Reglulegir fundir með Allyson og Svövu.

Stofnað til formlegs samstarfs á milli NaNO, GERT og menntunar til sjálfbærni til að samnýta krafta þessara verkefna til að stofna til samskipta og samstarfs við aðrar deildir HÍ og stofnana og fyrirtækja utan HÍ.

Aðrar menntabúðir (jafningjafræðsluvettvangur kennara) vetrar voru 13. nóv. sl. í Verzlunarskóla Íslands. Þemað var sýndartilraunir í náttúrufræði-/raunvísindakennslu. Þátttakendur voru um 20 kennarar, þar af 7 úr framhaldsskólum. Almenn ánægja var með viðburðinn sem stuðlar að frekara samstarfi kennara.

Náttúruvísindi á 21. öld. Unnið hefur verið hörðum höndum að því að fá sérfræðinga til að koma og fjalla um rannsóknir og hagnýtingu á Íslandi í hverju þema fyrir sig. Flestir hafa tekið mjög vel í ósk okkar um að taka þátt. Einnig höfum við auglýst námskeiðið meðal skóla landsins.

Hvað er framundan?

Menntabúðir, mánaðarleg jafningjafræðsla meðal kennara. Næstu verða um upplýsingatækni í náttúrufræði-/raunvísindakennslu, fimmtudaginn 5. des. í Háteigsskóla. Sjá menntabudir.natturutorg.is.

Vinna að *hugmyndabanka* fyrir kennara. Í bankanum verði að finna einföld verkefni sem kennarar geta nælt sér í, kennsluhugmyndir o.fl. Markmið með bankanum er m.a. að kennarar geti leitað í hugmyndir á íslensku. Áhersla verði lögð á náttúruvísindi 21. aldar. Bankinn verði hluti af Nátturutorgi.

Náttúruvísindi á 21. öld / Science in the 21st century. Vinna að nánari útfærslu á námskeiði.

Birgir Ásgeirsson og Ester Ýr Jónsdóttir.